



BORGARFJARÐARHREPPUR

Könnun á viðhorfum íbúanna til sameiningarmála

Unnið fyrir Borgarfjarðarhrepp

Grétar Þór Eypórsson

maí 2005

Inngangur

Að beiðni Borgarfjarðarhrepps hefur *Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri* (RHA) unnið könnun meðal kosningabærra íbúa í sveitarfélaginu um viðhorf þeirra til sameiningarmála. Kannaður var hugur íbúanna til þriggja mögulegra kosta í sameiningarmálum. Kostirnir voru: í fyrsta lagi *sameining við Fljótsdalshérað*, í öðru lagi *engin sameining*, og í þriðja lagi var gefinn sá kostur að nefna *aðra sameiningarkosti*.

Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin náði til allra sem skráðir voru til heimilis í Borgarfjarðarhreppi þann 1. desember 2004 og höfðu náð 18 ára aldri. Alls reyndust það vera 104 einstaklingar og fengust svör frá 71 þeirra. Þannig nýttu 68,3% íbúa í sveitarfélaginu sér það tækifæri sem þeim gafst til að láta í ljós viðhorf sitt til sameiningarmála sveitarfélagsins.

Könnunin var framkvæmd þannig að könnunargögn voru send bréfleiðis til allra kosningabærra íbúa í sveitarfélaginu þann 7. apríl 2005 ásamt bréfi þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Eftir að ítrekunarbref var sent út þann 26. apríl bárust síðustu svörin í pósti mánudaginn 9. maí. Alls svaraði 71 einstaklingur könnuninni.

Niðurstöður

Í samráði við sveitarstjórn var ákveðið að spyrja tveggja spurninga; þeirrar fyrri um hver væri vænlegasti kosturinn af þremur áðurnefndum fyrir Borgarfjarðarhrepp í sameiningarmálum og þeirrar seinni um hversu góða eða ásættanlega fólk teldi þá sameiningarkosti vera.

Fyrri spurningin var svohljóðandi:

1. Hvern neðantalinna kosta í sameiningarmálum telurðu vænlegastan fyrir Borgarfjarðarhrepp? Merktu aðeins við einn valkost!

- SAMEINING VIÐ FLJÓTSDALSHÉRAÐ
- ENGIN SAMEINING
- ANNAR SAMEININGARVALKOSTUR

Hvaða? _____

Tafla 1 sýnir dreifingu svara við spurningunni. Af þeim 71 sem sendu inn lista svöruðu 67 þessari spurningu.

Tafla 1: Hvern neðantalinna kosta í sameiningarmálum telurðu vænlegastan fyrir Borgarfjarðarhrepp?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Sem hlutfall af gildum svörum</i>
<i>Sameining við Fljótshérað</i>	33	49,3%
<i>Engin sameining</i>	33	49,3%
<i>Annar sameiningarvalkostur</i>	1	1,5%
Samtals:	67	100%

Hnífjafnt er milli tveggja valkosta. Alls telja 49,3% *sameiningu við Fljótshérað* vænlegasta kostinn fyrir Borgfirðinga og jafnmargir að *engin sameining* sé vænlegasti kosturinn. Einn svarenda kom með annan sameiningarkost og var þar bent á Seyðisfjörð.

Þarna stendur í járnum hvert hugur íbúanna stefnir. Ekki er vitað um afstöðu liðlega 30 kosningabærra íbúa til málsins – þar sem þeir svöruðu ekki könnuninni, en miðað við að

Þessi könnun endurspeglir raunveruleg hlutföll eru Borgfirðingar klofnir í tvennt í afstöðu til málsins.

Til að fá nánari upplýsingar um viðhorf íbúanna til allra kostanna var aukinheldur spurt annarrar spurningar sem ætlað var að gefa til kynna hversu vel eða illa íbúunum hugnuðust hinir tilgreindu sameiningarkostir. Síðari spurningin var orðuð á eftirfarandi hátt:

2. Hversu vel eða illa hugnast þér þessir áður nefndu kostir?

Athugaðu að hér að neðan ert þú beðin(n) um að taka afstöðu til allra kostanna a, b og c. Merktu þó aðeins við einn reit í hverjum bókstafslíð!

	<i>Góður kostur</i>	<i>Ásættanlegur kostur</i>	<i>Slæmur kostur</i>
A) SAMEINING VIÐ FLJÓTSDALSHÉRAÐ	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) ENGIN SAMEINING	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
C) ANNAR SAMEININGARVALKOSTUR	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvaða? _____

Tafla 2 sýnir dreifingu svara við síðari spurningunni.

Tafla 2: Viðhorf til sameiningarkostanna; hversu góðir eða ásættanlegir eru þeir?				
	<i>Góður kostur</i>	<i>Ásættanlegur kostur</i>	<i>Slæmur kostur</i>	<i>Fjöldi (N)</i>
<i>Sameining við Fljótshérað</i>	<i>25,4%</i>	<i>54,0%</i>	<i>20,6%</i>	<i>63</i>
<i>Engin sameining</i>	<i>53,8%</i>	<i>26,9%</i>	<i>19,2%</i>	<i>52</i>

Hæsta hlutfall íbúanna er á því að óbreytt ástand (engin sameining) sé góður kostur (53,8%) og þarna munar tæpum 30 prósentustigum á valkostunum, þar sem einungis 25,4% telja sameiningu við Hérað góðan kost. Séu hlutföll þeirra sem töldu kostina góða eða ásættanlega lögð saman gefur það 79,4% fyrir Fljótshérað, en 80,7% fyrir enga sameiningu. Enn er hnífjafnt á munum, en nokkuð er afgerandi hversu fleirum hugnast það best að hafa óbreytt ástand.

Einhver kynni að furða sig á hversvegna svo margir telja enga sameiningu góðan kost, ef haft er í huga að þeir eru hlutfallslega jafnmargir þeim sem telja enga sameiningu vænlegasta kostinn. Ekkert öruggt svar er til við þessu, en skýrsluhöfundur hallast að því að í einhverjum tilfellum hafi fólki þótt engin sameining besti kosturinn, en að sameining við Hérað sé engu að síður raunhæfasti kosturinn – verði sameining uppi á borðinu. Rétt er að ítreka að þetta eru þó einungis vangaveltur.

Eftir stendur að sveitarstjórn ætti að geta valið hvora leiðina sem er.

Velji hún að leita eftir sameiningu við Fljótshálsbýli hefur þessi könnun sýnt að rétt tæplega 80% telja það í það minnsta ásættanlegan kost.

Velji hún að aðhafast ekkert í sameiningarmálum hefur þessi könnun sýnt að rúmlega 80% telji það í það minnsta ásættanlegt.

Um leið og hvorugur kosturinn fær afgerandi fylgi getur stærstur hluti fólksins sætt sig við hvorn sem er.